

Sp.

636. Nefndarálit

[52. mál]

um till. til þál. um vistunarvanda öryrkja.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur haft till. þessa til athugunar og rætt hana á nokkrum fundum sínum.

Umsagnir bárust frá Öryrkjabandalagi Íslands, dr. med. Ásgeiri B. Ellertssyni yfirlækni, Endurhæfingardeild Borgarspítalans og ítarleg umsögn frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, undirrituð af Matthíasi Bjarnasyni ráðherra.

Í bréfi ráðherra kemur m. a. fram að fulltrúi ráðuneytisins í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og öryrkja, skv. lögum nr. 47/1979, hefur flutt um þetta mál ályktun í nefndinni sem samþykkt var í lok október s. l.

Stjórnarnefndin um málefni þroskaheftra og öryrkja hefur lýst yfir að úthlutað verði úr framkvæmdasjóði fatlaðra á árinu 1984 til þess að markmiði ályktunarinnar verði náð.

Á fund nefndarinnar komu þeir Ásgeir B. Ellertsson og Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og ræddu og skýrðu málið.

Meiri hl. allsherjarnefndar lýsir stuðningi sínum við framkvæmd þeirrar tillögu sem samþykkt var að tilhlutan stjórnarnefndar um málefni þroskaheftra og öryrkja, skv. lögum nr. 47/1979. Meiri hl. allsherjarnefndar er því sammála um að þingsályktunartillagan verði afgreidd með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fyrirheit um fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári telur Alþingi að ekki sé þörf á samþykkt þessarar tillögu og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Ólafur P. Þórðarson,
form.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Pétur Sigurðsson,
frsm.

Eggert Haukdal.